

Fullgild rafræn undirskrift

JÓN GUNNAR JÓNSSON

Kennitala: 130661-4839

2021-04-30 10:48:03 GMT

Ástæða: Undirskrift

**Samgöngustofa**  
**10 221**

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Samgöngustofa**  
**kt. 540513-1040**  
**Ármúla 2, 108 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Samgöngustofa er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin fer með stjórnslu samgöngumála og annast eftirlit er varðar flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 11 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 2.456,2 milljónir og afkoma kr. -6,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 1,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.861,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Samgöngustofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Samgöngustofu fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Jón Gunnar Jónsson,  
forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.328.100.000	1.303.800.000
Seld þjónusta .....	3	936.286.022	954.702.611
Vörusala .....	4	134.898.776	141.578.067
Framlög og ýmsar tekjur .....	5	39.052.961	34.503.711
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	17.900.469	16.326.843
<b>Tekjur samtals</b>		<b>2.456.238.228</b>	<b>2.450.911.232</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	6	1.880.136.256	1.891.320.921
Framlög og tilfærslur .....		1.000.000	500.000
Annar rekstrarkostnaður .....	7	574.682.295	642.100.088
Afskriftir .....	8	17.900.469	16.326.843
<b>Gjöld samtals</b>		<b>2.473.719.020</b>	<b>2.550.247.852</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(17.480.792)</b>	<b>(99.336.620)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		20.442.934	6.038.535
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(9.530.984)	(2.510.249)
		10.911.950	3.528.286
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(6.568.842)</b>	<b>(95.808.334)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(6.068.842)	(95.808.334)
Rekstrartilfærslur .....		(500.000)	0
		<b>(6.568.842)</b>	<b>(95.808.334)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		42.071.049	39.822.438
Farartæki og vélar .....		19.009.956	22.222.906
Verk í vinnslu .....		18.681.058	0
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>79.762.063</u>	<u>62.045.344</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	10	65.093.162	44.223.914
Viðskiptakröfur .....	11	578.903.316	269.860.594
Tengdir aðilar .....	12	986.051.595	1.319.674.935
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	13	34.640.647	16.823.345
Handbært fé .....	14	116.867.702	164.831.040
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>1.781.556.422</u>	<u>1.815.413.828</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.861.318.485</u>	<u>1.877.459.172</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	15		
Hrein eign .....		1.045.198	7.614.040
Bundið eigið fé .....		1.534.878.019	1.534.878.019
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>1.535.923.217</u>	<u>1.542.492.059</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	12	4.767.000	7.105.500
Viðskiptaskuldir .....	16	39.522.814	38.041.339
Ýmsar skammtímaskuldir .....	17	207.213.811	203.928.162
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	18	73.891.643	85.892.112
<b>Skuldir samtals</b>		<u>325.395.268</u>	<u>334.967.113</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.861.318.485</u>	<u>1.877.459.172</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	19		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(6.568.842)	(95.808.334)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	17.900.469	16.326.843
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(17.900.469)	(16.326.843)
		<u>(6.568.842)</u>	<u>(95.808.334)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(326.860.024)	64.472.792
Tengdir aðilar .....		301.567.652	152.860.987
Birgðir .....		(20.869.248)	10.444.192
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		4.767.124	(102.072.881)
		<u>(41.394.496)</u>	<u>125.705.090</u>
		<u>(47.963.338)</u>	<u>29.896.756</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(16.936.130)	(14.692.691)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....		(18.681.058)	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	2.162.743
		<u>(35.617.188)</u>	<u>(12.529.948)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		29.717.188	(22.470.052)
Fjárfestingarframlag .....		5.900.000	35.000.000
		<u>35.617.188</u>	<u>12.529.948</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(47.963.338)	29.896.756
		<u>164.831.040</u>	<u>134.934.284</u>
		<u>116.867.702</u>	<u>164.831.040</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppséggjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppséggjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.328.100.000	1.303.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	17.900.469	16.326.843
	<u>1.346.000.469</u>	<u>1.320.126.843</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.320.700.000	500.000	0	1.321.200.000
Fjáraukalög 5 .....	6.900.000	0	0	6.900.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.327.600.000</b>	<b>500.000</b>	<b>0</b>	<b>1.328.100.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(1.333.668.842)	(1.000.000)	0	(1.334.668.842)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(6.068.842)</b>	<b>(500.000)</b>	<b>0</b>	<b>(6.568.842)</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Skírteini og skráningar .....	23.843.463	13.791.201
Árgjöld loftfara .....	399.603.759	405.580.827
Námskeiðs- og prófgjöld .....	13.436.397	21.830.610
Leyfisheimildir og vottorð .....	22.872.667	26.206.098
Útseld þjónusta .....	78.490.995	107.871.567
Nortype .....	137.528.366	149.034.972
Ýmis þjónusta .....	4.382.477	4.918.406
Upplýsingaveita .....	203.157.461	185.083.590
Einkamerki og þjónustutekjur .....	52.970.437	40.385.340
	<u>936.286.022</u>	<u>954.702.611</u>

### 4 Vörusala

Skoðunarmiðar .....	16.309.703	16.125.900
Geymslugjöld númeraplatna .....	32.216.310	26.122.000
Ökuritakort .....	24.847.880	31.242.370
Ökuþróf .....	22.171.220	26.420.000
Annað .....	39.353.663	41.667.797
	<u>134.898.776</u>	<u>141.578.067</u>

### 5 Framlög og ýmsar tekjur

Umferðarfræðsla og sumarskóli .....	6.049.050	8.047.460
Leigutekjur .....	153.000	459.500
Framlag vegna umferðaröryggisáætlana .....	5.000.000	5.000.000
Þóknun vegna innheimtu bifreiðagjalda .....	21.531.925	16.897.187
Erlendar endurgreiðslur .....	950.230	2.578.313
Styrkir til afmarkaðra verkefna .....	5.368.756	1.521.251
	<u>39.052.961</u>	<u>34.503.711</u>

## Skýringar

	2020	2019
<b>6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	1.510.430.744	1.509.825.913
Orlof, breyting .....	10.616.532	15.720.060
Launatengd gjöld .....	345.834.898	347.446.164
Starfsmannakostnaður .....	13.254.082	18.328.784
	<u>1.880.136.256</u>	<u>1.891.320.921</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	144	153
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.873.451	3.302.711
Byggingarvörur, almennar .....	0	247.254
Tæki og búnaður til innréttinga .....	35.340	0
Ýmis tæki og áhöld .....	3.317.367	11.601.644
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	296.309	711.903
Orkugjafar .....	7.211.836	7.991.812
Matvæli .....	16.768.011	17.920.385
Almennar rekstrarvörur .....	7.579.842	5.557.518
Vörukaup, almenn	39.082.156	47.333.227
Ýmsar sérgreindar vörur .....	51.179.074	48.441.873
Vörukaup, sérgreind	51.179.074	48.441.873
Fundir, námskeið, risna .....	33.850.375	28.932.514
Ferðir, uppihald .....	16.459.811	58.192.786
Akstur .....	1.266.784	1.640.466
Sérfræðipjónusta .....	126.498.230	162.609.272
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	24.910.246	24.303.590
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	67.531.910	61.880.112
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	19.130.401	23.706.633
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	289.647.757	361.265.373
Samningsbundin kaup og leiga .....	2.995.174	3.189.862
Afnotagjöld .....	48.774.232	46.173.301
Leigugjöld .....	101.046.764	95.342.549
Notkun véla og flutningatækja .....	1.954.137	1.984.019
Verkkaup .....	20.485.268	19.893.948
Kostnaðarhlutdeild .....	656.304	656.304
Tryggingar, lögboðnar .....	1.861.277	1.328.559
Opinber gjöld .....	1.499.120	1.593.439
Tapaðar kröfur .....	15.501.032	14.897.634
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	194.773.308	185.059.615
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>574.682.295</u>	<u>642.100.088</u>
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	14.687.519	13.113.893
Farartæki og vélar .....	3.212.950	3.212.950
	<u>17.900.469</u>	<u>16.326.843</u>

## Skýringar

### 9 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	42.071.049	39.822.438
Farartæki og vélar .....	19.009.956	22.222.906
	61.081.005	62.045.344
Verk í vinnslu .....	18.681.058	0
	79.762.063	62.045.344

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	82.879.037	25.703.600	108.582.637
Víðbætur á árinu .....	16.936.130	0	16.936.130
	99.815.167	25.703.600	125.518.767
Afskriftir 1.1.2020 .....	43.056.599	3.480.694	46.537.293
Afskrift ársins .....	14.687.519	3.212.950	17.900.469
	57.744.118	6.693.644	64.437.762
Staða 31.12.2020 .....	42.071.049	19.009.956	61.081.005
		<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>

### 10 Birgðir

Hráefni .....	65.093.162	44.223.914
	65.093.162	44.223.914

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra vara.

### 11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur .....	586.894.651	284.758.228
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....	(7.991.335)	(14.897.634)
	578.903.316	269.860.594
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum .....	569.278.130	216.795.878
Viðskiptakröfur í erlendri mynt .....	9.625.186	53.064.716
	578.903.316	269.860.594

### 12 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	986.051.595	1.319.674.935
	986.051.595	1.319.674.935

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	4.767.000	7.105.500
	4.767.000	7.105.500

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b>		
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	7.072.468	10.536.538
Skattar .....	27.568.179	6.286.807
	<u>34.640.647</u>	<u>16.823.345</u>

### 14 Handbært fé

Sjóðir .....	523.507	523.507
Tékkareikningar .....	91.466.599	163.037.347
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum .....	24.877.596	1.270.186
	<u>116.867.702</u>	<u>164.831.040</u>

### 15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	Hrein eign	Bundið eigið fé	Samtals eigið fé 31/12/2020	Samtals eigið fé 31/12/2019
<b>Hrein eign</b>				
Jöfnuður 1.1. ....	7.614.040	1.534.878.019	1.542.492.059	1.638.300.393
Afkoma ársins .....	(6.568.842)	0	(6.568.842)	(95.808.334)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>1.045.198</u>	<u>1.534.878.019</u>	<u>1.535.923.217</u>	<u>1.542.492.059</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 1.534,9 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

	31.12.2020	31.12.2019
<b>16 Viðskiptaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum .....	38.095.470	38.041.339
Viðskiptaskuldir í erlendra mynt .....	1.427.344	0
	<u>39.522.814</u>	<u>38.041.339</u>

### 17 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	206.918.190	196.301.658
Ógreidd laun .....	0	6.880.322
Önnur ógreidd gjöld .....	295.621	746.182
	<u>207.213.811</u>	<u>203.928.162</u>

## Skýringar

### 18 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	79.762.063	62.045.344
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(5.870.420)	23.846.768
	<u>73.891.643</u>	<u>85.892.112</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	62.045.344	23.846.768	85.892.112
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	5.900.000	5.900.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	16.936.130	(16.936.130)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	18.681.058	(18.681.058)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(17.900.469)	0	(17.900.469)
	<u>79.762.063</u>	<u>(5.870.420)</u>	<u>73.891.643</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 16,7 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 19 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin er með skuldbindandi samninga alls upp á kr. 292,5 milljónir í árlegar greiðslur. Árlegar greiðslur vegna húsaleigusamninga eru alls kr. 102,8 milljónir. Rekstrar- og þjónustusamningar nema kr. 74,8 milljónum á ári og aðrir skuldbindandi samningar stofnunarinnar nema kr. 114,9 milljónum á ári.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.